

# SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

## 1. HEITI LYFS

Septabene lemon/elderflower 3 mg/1 mg munnsogstöflur

## 2. INNIGHALDSLÝSING

Hver munnsogstafla inniheldur 3 mg af benzylaminehydrochloride og 1 mg af cetylpyridiniumchloride.

### Hjálparefni með þekkta verkun

- ísómalt (E953): 2448,3 mg/munnsogstöflu
- bútýlhýdroxýanísól (E320): 0,0004 mg/munnsogstöflu
- natríumbensóat (E211): allt að 0,00075 mg/munnsogstöflu

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

## 3. LYFJAFORM

Munnsogstafla

Kringlóttar munnsogstöflur með skáskornum brúnum og hrjúfu yfirborði, ljósgrænar eða grænar á lit. Hugsanlegt er að hvítir blettir, misjöfn litun eða loftbólur séu í töflumassanum og að lítil skörð séu í töflubrúnunum. Þvermál munnsogstöflu: 18 mm – 19 mm, þykkt: 7 mm – 8 mm.

## 4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 4.1 Ábendingar

Septabene lemon/elderflower er ætlað fullorðnum, unglungum og börnum eldri en 6 ára, til staðbundinnar og stuttrar bólgeyðandi, verkjastillandi og sótthreinsandi meðferðar við ertingu í hálsi, munni og tannholdi.

### 4.2 Skammtar og lyfjagjöf

#### Skammtar

**Fullorðnir:** Ráðlagður skammtur er 3–4 munnsogstöflur á dag. Leysið munnsogstöfluna hægt upp í munninum á 3 til 6 klukkustunda fresti.

**Aldraðir sjúklingar:** Ráðlagður skammtur er sá sami og fyrir fullorðna.

#### *Börn*

**Unglingar eldri en 12 ára:** Ráðlagður skammtur er 3–4 munnsogstöflur á dag. Leysa á eina munnsogstöflu hægt upp í munninum á 3 til 6 klukkustunda fresti.

**Börn á aldrinum 6 til 12 ára:** Ráðlagður skammtur er 3 munnsogstöflur á dag. Leysa á eina munnsogstöflu hægt upp í munninum á 3 til 6 klukkustunda fresti.  
Fullorðinn þarf að fylgjast með notkun munnsogstaflna hjá börnum á aldrinum 6 til 12 ára.

**Börn yngri en 6 ára:** Börn yngri en 6 ára mega ekki nota Septabene lemon/elderflower (sjá kafla 4.3).

Ekki á að nota stærri skammta en tilgreindir eru.

Nota má Septabene lemon/elderflower í allt að 7 daga.

#### Lyfjagjöf

Leysa á eina munnsogstöflu hægt upp í munninum á 3 til 6 klukkustunda fresti.

EKKI er ráðlagt að nota lyfið strax fyrir eða eftir tannburstun.

EKKI á að borða eða drekka í a.m.k. eina klukkustund eftir töku Septabene lemon/elderflower.

#### **4.3 Frábendingar**

Ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

Börn yngri en 6 ára, þar sem lyfjaformið hentar ekki fyrir þann aldurshóp.

#### **4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun**

EKKI á að nota Septabene lemon/elderflower lengur en í 7 daga. Ef engin áhrif eru greinanleg eftir 3 daga eða ef sjúklingurinn virðist hafa hita eða önnur einkenni er ráðlagt að leita ráða hjá lækni.

Staðbundin notkun lyfja, einkum í langan tíma, getur valdið ertingu og ef það gerist þarf að hætta meðferðinni og hafa samband við lækni til að ákveða hentuga meðferð.

EKKI má nota Septabene lemon/elderflower samhliða efnum sem innihalda neikvætt hlaðnar jónir, svo sem efnum sem finna má í tannkremlum, og því er ekki ráðlagt að nota lyfið strax fyrir eða eftir tannburstun.

EKKI er ráðlegt að nota benzodamine handa sjúklingum með ofnæmi fyrir salisylötum (t.d. acetylsalicylsýru og salicylsýru) eða öðrum bólgeyðandi gigtarlyfjum (NSAID-lyfjum).

Lyfið getur komið af stað berkjurkampa hjá sjúklingum sem eru með berkjuastma eða sögu um berkjuastma. Gæta skal varúðar við notkun lyfsins hjá slíkum sjúklingum.

Sjúklingar með opin sár eða fleiður í munni eða hálsi eiga ekki að nota Septabene lemon/elderflower.

Septabene lemon/elderflower inniheldur ísómalt (E953). Sjúklingar með arfgengt frúktosaóþol sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið.

Septabene lemon/elderflower inniheldur bútýlhýdroxýanisól (E 320) sem getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu) eða ertingu í auga og slímhúðum.

Septabene lemon/elderflower inniheldur allt að 0,00075 mg af natríumbensóati (E211) í hverri munnsogstöflu. Getur valdið bráðum húðsnertiviðbrögðum ótengdum ónæmiskerfinu sem mögulega er miðlað af kólínvirku ferli.

Septabene lemon/elderflower inniheldur natríum. Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverri munnsogstöflu, þ.e.a.s. er sem næst natríumlauast.

#### **4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir**

EKKI á að nota Septabene lemon/elderflower samtímis öðrum sótthreinsandi lyfjum.

EKKI á að taka munnsogstöflurnar með mjólk, þar sem mjólk dregur úr virkni cetylpyridiniumchloride gegn örverum.

#### **4.6 Frjósemi, meðganga og brjósttagjöf**

##### Meðganga

Engin eða takmörkuð gögn liggja fyrir um notkun benzodaminehydrochloride og cetylpyridiniumchloride á meðgöngu. EKKI er ráðlagt að nota Septabene lemon/elderflower á meðgöngu.

##### Brjósttagjöf

Ekki er vitað hvort benzydaminehydrochloride, cetylpyridiniumchloride eða umbrotsefni þeirra berast í brjóstamjólk.

Ekki er hægt að útloka hættu fyrir nýbura/ungbörn. Taka þarf ákvörðun um hvort hætta eigi brjóstagjöf eða hætta eða gera hlé á meðferð með Septabene lemon/elderflower, að teknu tilliti til ávinnings af brjóstagjöf fyrir barnið og ávinnings af meðferðinni fyrir móðurina.

#### 4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Septabene lemon/elderflower hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

#### 4.8 Aukaverkanir

- Mjög algengar ( $\geq 1/10$ )
- Algengar ( $\geq 1/100$  til  $< 1/10$ )
- Sjaldgæfar ( $\geq 1/1.000$  til  $< 1/100$ )
- Mjög sjaldgæfar ( $\geq 1/10.000$  til  $< 1/1.000$ )
- Koma örsjaldan fyrir ( $< 1/10.000$ )
- Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum)

#### Tafla yfir aukaverkanir

	Mjög sjaldgæfar	Koma örsjaldan fyrir	Tíðni ekki þekkt
Ónæmiskerfi			Ofnæmisviðbrögð Bráðaofnæmisviðbrögð
Taugakerfi			Sviði í slímhúð
Öndunararfæri brjósthol og miðmæti	Berkjukrampi		
Meltingarfæri		Ertинг í slímhúð í munni Sviðatilfinning í munni	Deyfing í slímhúð í munni
Húð og undirhúð	Ofsakláði Ljósnaði		

#### Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Pannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is).

#### 4.9 Ofskömmtnun

##### Einkenni

Eitrunaráhrif vegna ofskömmtnunar benzydamine eru æsingur, krampar, svitamyndun, hreyfiglöp, skjálfti og uppköst. Þar sem ekkert sértækt móteitur er til, er meðferð við bráðri eitrun af völdum benzydamine eingöngu bundin við einkenni.

Meðal ummerkja og einkenna eitrunar vegna inntöku verulegs magns af cetylpyridiniumchloride eru ógleði, uppköst, mæði, blámi, köfnun eftir lömun öndunarvöðva, bæling miðtaugakerfis, lágþrýstingur og dá. Banvænn skammtur handa mönnum er u.p.b. 1-3 grömm.

##### Meðferð

Þar sem ekkert sértækt móteitur er til, er meðferð við bráðri ofskömmtnun eingöngu bundin við meðhöndlun einkenna.

### 5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

#### 5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Hálslyf, önnur hálslyf,  
ATC-flokkur: R02AX03.

#### Verkunarháttur

Benzydaminehydrochloride er sameind sem ekki líkist sterum að byggingu, en hefur bólgueyðandi og verkjastillandi virkni. Verkunarhátturinn virðist afleiðing hindrunar á myndun prostaglandína og þar með minnkunar á staðbundnum bólgueinkennum (svo sem verks, roða, þrota, hita og skertri virkni). Benzydaminehydrochloride hefur einnig miðlungi mikil staðdeyfandi áhrif.

Cetylpyridiniumchloride er jákvætt hlaðið sótthreinsandi efni úr flokki fjórgilda ammóniumsalta. *In vitro* rannsóknir á cetylpyridiniumchloride sýndu að efnið hefur virkni gegn veirum; klínisk þýðing þess er hins vegar ekki þekkt.

#### Verkun og öryggi

Benzydamine er einkum notað til meðferðar við kvillum í munnholi. Cetylpyridiniumchloride er virkt gegn gram-jákvæðum bakteríum en síður gegn gram-neikvæðum bakteríum og hefur því ákjósanlega sótthreinsandi og örverudrepandi virkni. Það hefur einnig virkni gegn sveppum.

Í klínískri rannsókn á munnsogstöflum með benzydaminehydrochloride/cetylpyridiniumchloride, með samanburði við lyfleysu, kom verkjastilling (minnuð eymsli og þrota í hálsi) fram 15 mínútum eftir töku munnsogstöflu og entist verkunin í allt að 3 klukkustundir.

### **5.2 Lyfjahvörf**

#### Frásog

Af virku efnunum tveimur, cetylpyridinium og benzydamine, er eingöngu benzydamine frásogað.

Cetylpyridinium veldur því engum altækum milliverkunum við lyfjahvörf benzydamine.

Sýnt hefur verið fram á frásog benzydamine gegnum slímhúð í munni og koki með greiningu greinanlegs magns virka efnisins í sermi, en það er þó ekki nóg til að valda altækum áhrifum.

Benzydamine er aftur á móti frásogað ef það er gefið á altékan hátt. Frásog benzydamine er því meira frá lyfjaformum sem leysast upp í munni en við staðbundna notkun (eins og með munnholsúða).

#### Dreifing

Sýnt hefur verið fram á að við staðbundna notkun að benzydamine safnast upp í bólgnum vefjum, þar sem það nær lækningalegri þéttni, vegna getu sinnar til að komast gegnum þekjuvef.

#### Brothvarf

Benzydamine skilst aðallega út í þvagi og að mestu leyti sem óvirk umbrotsefni.

### **5.3 Forklínískar upplýsingar**

Forklínískar upplýsingar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á lyfjafræðilegu öryggi, eiturverkunum eftir endurtekna skammta, eiturverkunum á erfðaefni og eiturverkunum á æxlun og þroska.

## **6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR**

### **6.1 Hjálparefni**

Piparmintuolía

Levómentól

Súkralósi (E955)

Sítrónusýra (E330)

Ísómalt (E953)

Sítrusbragðefni (inniheldur bútylhýdroxýanisól (E320))

Ylliblómabragðefni

Kúrkumín (E100) (inniheldur natríumbensóát (E211))

Koparfléttur klórófyllína (E141) (inniheldur natríum)

## **6.2 Ósamrýmanleiki**

Á ekki við.

## **6.3 Geymsluþol**

4 ár.

## **6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu**

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.  
Ekki þarf að geyma lyfið við sérstök hitaskilyrði.

## **6.5 Gerð íláts og innihald**

Pynna (PVC/PE/PVDC//Ál): 8, 16, 24, 32 eða 40 munnsogstöflur, í öskju.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

## **6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun**

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

## **7. MARKAÐSLEYFISHAFI**

KRKA, d.d., Novo mesto  
Šmarješka cesta 6  
8501 Novo mesto  
Slóvenía

## **8. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

IS/1/24/059/02

## **9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS**

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 7. maí 2024.

## **10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS**

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar, [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).